

LÖG**um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 1. tölul. 6. mgr. 6. gr. laganna (verkefni sveitarfélaga) bætist nýr liður svohljóðandi:
varnir gegn slysum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1990.

*Gjört í Reykjavík, 14. maí 1990.***Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Jóhanna Sigurðardóttir.***LÖG****um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 63/1974,
með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 1. gr. laganna orðist þannig:

Ríki og sveitarfélögum er skylt að halda skóla fyrir öll börn og unglinga á aldrinum 6 til 16 ára, eftir því sem nánar segir í lögum þessum. Skóli þessi nefnist grunnskóli. Öllum börnum og unglingum á framangreindum aldri er skylt að sækja skóla en frá því má þó veita undanþágu, sbr. 5., 7. og 8. gr.

2. gr.

Fyrri mgr. 3. gr. laganna orðist þannig:

Grunnskóli er tíu ára skóli.

3. gr.

Síðari másl. 4. gr. laganna orðist þannig: Heimilt er ráðuneytinu að fenginni tillögu hlutaðeigandi fræðsluráðs að koma á fót útibúum frá aðalskóla skólahverfis fyrir 6–10 ára börn þar sem heimanakstri til aðalskóla verður ekki við komið.